Morgunblaðið

- *Einar Már á sléttunum miklu/2*
- *Tölum frekar um bókmenntir /3*
- *Frá hugmynd að veruleika/8*

MENNING LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 24. FEBRÚAR 1996 BLAÐ D



Peter Høeg

Ný skáldsaga Høeg 1. apríl

„KONAN og apinn" nefnist næsta skáldsaga Danans Peters Høeg, sem kemur út 1. apríl. Í danska dagblaðinu *Berlingske Tidende* segir að ekki leiki nokkur vafi á því að bókin muni slá í gegn um allan heim og sennilega verði engin bók jafn umtöluð í Damörku þetta árið.

Mikil leynd hefur ríkt yfir útkomu bókarinnar, en nú er ljóst að hún mun koma út í tíu þúsund eintökum. Sagan gæti gerst á okkar tímum og sögusviðið er London. Hún fjallar um Madelene og mannapann hennar, Erasmus. Að sögn forlagsins vegur bókin salt á „hnífsegginni milli raunveruleika og ímyndunar, háðs, spennumynda og sælu - hún er ósvífin og skilur lesandann eftir snortinn, er uppáþrengjandi og glannaleg, heimspekileg og rómantísk."

Høeg er 38 ára gamall og „Konan og apinn" er fimmta bók hans. Høeg er maður feiminn og hefur tekist að forðast sviðsljósið undanfarin tvö ár, en með útkomu nýju bókarinnar verður hann að koma úr felum.

Høeg er skærasta stjarna danskra rithöfunda og engin bók eftir evrópskan rithöfund, sem ekki skrifar á ensku, hefur selst jafn vel og bók hans „Lesið í snjóinn" frá því að „Nafn rósarinnar" eftir Ítalann Umberto Eco kom út. „Lesið í snjóinn" selst hins vegar enn vel og á meðal annars eftir að koma út í Japan.

Tökur á „Lesið í snjóinn" standa nú yfir. Leikstjórinn er Bille August og hefur hann fært sér snjóþyngslin í Kaupmannahöfn undanfarið í nyt. Í mars verður haldið til Grænlands til að halda tökum áfram.

Glóandi blóm

GUÐRÚN Hrönn Ragnarsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í miðsal Kjarvalsstaða í dag kl. 16. Verk hennar líkjast húsgögnum við fyrstu sýn eða innanstokksmunum en sem slík þjóna þau engum tilgangi og sum þeirra eru skreytt með kögri sem gefur þeim skemmtilegan blæ. Einnig má sjá glóandi blóm undir glerhjálmum í röð á vegg.

Guðrún vann verkin á sýninguna á síðasta ári og flutti þau hingað frá eyjunni Sveaborg við Finnland þar sem hún hefur búið síðastliðin sjö ár. „Ég er ekki mjög viðkvæm fyrir því að sitja uppi á einhverjum múrum og horfa út á hafið," sagði hún aðspurð um hvort Sveaborg hefði ekki áhrif á hana sem listamann. Þó sagði hún að þögnin á eyjunni hefði töluverð áhrif á þá sem þar byggju. „Ég kom þangað upphaflega til að vinna í vinnustofu Norrænu listamiðstöðvarinnar sem þar er og hef ílengst á staðnum."

Eitt verkanna á sýningunni hefur verið sýnt áður og annað hefur verið sýnt í annarri mynd. Það hefur stækkað svolítið og skipt um efnivið og útlit. „Fyrra efnið lét ekki að stjórn," sagði Guðrún.

Ögn fyndnir og kjánalegir

„Ég hef verið töluvert að fást við hluti sem líkjast húsgögnum upp á síðkastið, en það er yfirleitt ekki hægt að nota verkin sem slík. Ég hugsa aðallega um þetta sem form án þess að tengja það endilega húsgögnum og það er gaman að eiga við þessar andstæður í efni. Að mýkja þessi köntuðu, hörðu form með kögri t.d. auk þess sem hlutirnir verða ögn fyndnir og kjánalegir í leiðinni," sagði Guðrún. Blaðamaður nefndi að kögrið minnti hann á kúrekafatatísku. „Það er þín sýn. Hér á landi er svona lagað ekki mjög áberandi en aftur á móti í Hollandi og Írlandi til dæmis er allt í svona allskonar glysi og skreytikenndum hlutum á húsgögnum og innanstokksmunum. Verkið er eiginlega hvorki glyskennt né „formalískt".

Blómin heita Rauða liljan," sagði hún og hló enda blómin ekkert lík liljum. „Þetta er eingöngu skreyti enda gefur blómið ekkert ljós frá sér. Það er svart áður en þú stingur því í samband. Blómin keypti ég og það er hægt að kaupa fleira í svipuðum stíl eins og til dæmis lítil glóandi jólatré. Hjálmarnir yfir blómunum eru í raun krukkur sem ég burðaðist með frá Eistlandi og eru undan niðursoðnum tómötum og gúrkum. Þetta er bara eitthvað sem kemur úr umhverfi mínu og ég vel að nota en ég hef notað svona litla ljóshluti sem efnivið í verk áður."



Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir Morgunblaðið/Kristinn

18 þúsundasta sýning „Músagildrunnar"

London. Reuter.

LEIKRITIÐ „Músagildran" eftir Agöthu Christie var sýnt í 18 þúsundasta skipti síðastliðið miðvikudagskvöld. Leikritið var frumsýnt árið 1952 þegar Winston Churchill var forsætisráðherra Bretlands og Jósef Stalín réði Sovétríkjunum. Ekkert leikrit hefur verið sýnt lengur og bendir ekkert til þess að sýningum fari að ljúka.

Richard Attenborough lék í leikritinu þegar það var frumsýnt, en alls hafa um 400 leikarar komið fram í því. Leikarar, sem leikið hafa í „Músagildrunni" hafa meira að segja stofnað með sér sérstakt félag.

Þegar Churchill sá leikritið hafði hann komist að því í hléi hver morðinginn var. „Músagildran" er í miklu uppáhaldi hjá John Major, forsætisráðherra Bretlands, sem hefur lýst yfir því að hann ætli að koma með barnabörnin sín að sjá leikritið.

Christie, sem lést árið 1986, gaf barnabarni sínu leikritið í afmælisgjöf á níu ára afmæli þess. „Þetta er leikrit, sem hægt er að fara á með hverjum sem er," sagði Christie eitt sinn. „Það vekur hvorki ótta né hrylling."

„Músagildran" hefur verið þýdd á 23 tungumál og sýnt í rúmlega 40 löndum. Leikritið var upphaflega skrifað fyrir útvarp. Réttur-inn til að gera kvikmynd eftir leikritinu var keyptur fyrir löngu, en bið verður á kvikmyndinni því að samkvæmt sölusamningi má ekki hefja tökur fyrr en sex mánuðum eftir síðustu sýningu.

Frægð „Músagildrunnar" er orðin slík að hún má nú heita ein helsta ferðamannagildra London.



Mjúkur loðfeldsís á pinna

POPPLISTAMAÐURINN Claes Oldenburg hefur stundað það að taka hluti, sem okkur þykja allajafna sjálfsagðir, úr sínu venjulega umhverfi og fylla þá „óróleika og ástríðu" svo vitnað sé í Germano Celant, listrýni í New York. Í gær var opnuð sýning á verkum Oldenburgs í Bundes-Kunsthalle í Bonn þar sem eru 200 skúlptúrar, klippimyndir og teikningar. Hér er um að ræða farandsýningu, sem sett hefur verið upp á þremur stöðum í Bandaríkjunum. Í upphafi sjöunda áratugarins var Oldenburg áberandi í listalífi í New York, en um þessar mundir er hans sérgrein stór listaverk við opinberar byggingar og höfuðstöðvar stórfyrirtækja. Módel af slíkum verkum verða til sýnis í Bonn ásamt verkinu, sem sést hér að ofan og heitir „Mjúkur loðfeldsís á pinna".